

Nd.

272. Breytingartillögur

[123. mál]

við frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá Gísla Guðmundssyni og Jóni Skaftasyni.

1. Í stað 13. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (13. gr.) Verðlagsráði samkvæmt lögum nr. 97 18. des. 1961 er eftir 31. des. 1966 heimilt að ákveða, á þann hátt sem fyrir er mælt í 7. og 9. gr. þeirra laga, að greiða skuli í verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verðjöfnunargjald af útfluttum sjávarafurðum. Skal upphæð verðjöfnunargjaldsins ákveðin fyrir eitt verðlagningartímabil eða eitt ár í senn. Verðjöfnunargjald skal innheimt með útflutningsgjöldum og geymt í Útvegsbanka Íslands.
 - b. (14. gr.) Verðlagsráð ráðstafar tekjum verðjöfnunarsjóðs samkv. 13. gr. á þann hátt, er hér segir:
 1. Til greiðslu á vinnsluuppbótum til fiskvinnslustöðva á þeim stöðum, þar sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, t. d. af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum.
 2. Til hækkunar á útflutningsverði tiltekinna vörutegunda.
 - c. (15. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda tii ársloka 1966. Ákvæði 13. og 14. gr. um verðjöfnun eru þó ótímabundin.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum á árinu 1966 og um heimild til verðjöfnunar frá og með 1. jan. 1967.